

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

12. fundur, föstudaginn 3. október, kl. 9:00 í Rannsókn- og þróunarsetri Háskólans á Akureyri

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Kristín Linda Ásgeirsdóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (Iðnbararáðuneytinu) og Tómas Þór Tómasson, starfsmaður Verkefnisstjórnar, sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Freysteinn Sigurðsson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, og Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (Umhverfissráðuneytinu).

Fundarfrásögn:

Fundurinn hófst á því að formaður bauð fulltrúa í verkefnisstjórn velkomna til Akureyrar. Lagði fram tillögu um breytingu á dagskrá þannig að kynning Hjálta Jóhannessonar færðist framur eða til kl. 10:00. Ekki voru gerðar athugasemdir við þá tillögu og gekk hún eftir.

- 1. Skipun faghópa.** Fyrsti liður dagskrár voru tillögur og umræður um faghópa. Ákveðið hefur verið að skipa fjóra faghópa sem byggja á svipuðum grunni og raunin var í 1. áfanga. Þeir verði þó fámennari, stefnt að 5-7 aðilum í hverjum, og verða aðilarnir handvaldir af verkefnisstjórn með tilliti til fjölbreyttrar sérfræðikunnáttur meðlima. Einnig kom fram það álit að líta bæri til breiðrar þekkingar og reynslu.

Formaður lagði fram minnisblað þar sem gerð var grein fyrir starfssviði hvers faghóps sem að mestu byggði á starfsramma hópanna í 1. áfanga. Formaður lýsti þeirri skoðun að fyrsta verk hinna nýju faghópa væri að fara í gegnum lýsingarnar og endurskoða þær. Í umræðum um þennan þátt kom helst fram gagnrýni frá Stefáni Arnórssyni á lýsingu fyrir faghóp IV. Sá hópur muni ekki hafa yfir þeim gögnum að ráða, fyrst og fremst um jarðhitasvæðin, að markmið vinunnar væri gerlegt. Þar vantaði mun fleiri tilraunaboranir en slíkar framkvæmdir eru mjög dýrar. „Menn hafa ekki í hendi hvað jarðhitinn getur gefið.“ Mjög mikilvægt væri að í hópnum væri góður „jarðhitamaður“. Forskrift hópsins væri fyrst og fremst fyrir vatnsaflsvirkjanir. Formaður bað Stefán að ræða málið við Guðna Jóhannesson. Þá áréttaði formaður að verkefnisstjórn reyndi ekki „að gera hið ómögulega heldur aðeins hið mögulega“. Niðurstaða stjórnarinnar myndi byggja á bestu fánlegu upplýsingum. Þorsteinn Tómasson bætti við að vinnan myndi alltaf búa við „áhættu“ og „óvissu“.

- 2.** Rætt hefur verið við nokkra einstaklinga sem til greina koma til setu í faghópum en enn er nokkuð í land að skipun í þá sé lokið. Stefnt er að því að ljúka mönnum faghópanna á næsta fundi verkefnisstjórnar, 17. okt. Staða einstakra hópa er þannig:
 - a. Faghópur I:** Þóra Ellen Þórhallsdóttir verður formaður en einnig verður kallaður til Hilmar Malmkvist, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Kópavogs. Auk hans komu fram tillögur um Hauk Jóhannesson, ÍSOR - fyrrum formann faghóps II í 1. áfanga og fyrrv. formann Ferðafélags Íslands – hann er velta vöngum yfir hvort hann gefi

kost á sér. Aðrir sem til greina koma eru m.a. Kristján Haukur Skarphéðinsson, Freysteinn Sigurðsson og Kristin Huld Sigurðardóttir. Rætt var um að mögulega yrði settur 5-7 manna grunnhópur en síðan kæmu fleiri aðilar að endanlegri röðun til að tryggja nægilega breiða sérfræðipækkingu.

- b. **Faghópur II.** Formaður lagði til að ferðaþjónustan yrði alfarið færð undir þennan hóp en í 1. áfanga skiptist umfjöllunin á milli hópa II og III. Hugmyndin væri sú að fulltrúi Samtaka ferðaþjónustumannar (SAF), Anna Sverrisdóttir, myndi fara fyrir þessum hópi. Andrés Arnalds frá Landgræðslunni er tilbúinn til setu í hópnum) og nafn Brynhildar Davíðsdóttur, dósent við HÍ, kom einnig fram.
- c. **Faghópur 3:** Stefnt er að því að faghópur 3 verði með aðsetur á Akureyri sem m.a. helgast af því að fagþekking á þessum sviðum liggur helst á Akureyri og hjá Byggðastofnun á Sauðárkróki. . Hér voru nefnd nöfn Guðmundar Guðmundssonar hjá Byggðastofnun, Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, fyrrv. Alþingismanns, Ragnheiðar Jónu Ingimarsdóttur, menningarfulltrúa Eyþings, Hjalta Jóhannessonar, sérfræðings hjá RHA, Kjartans Ólafssonar, lektors við HA, Soffíu Gísladóttur, verkefnisstjóra hjá Félagsmálaráðuneytinu, Edwards H. Huijbens hjá Ferðamásetri Íslands, Daða Más Kristóferssonar, auðlindafræðings, en hann er tilbúinn til að vinna með verkefnisstjórn. Í 1. áfanga skilaði faghópur III takmörkuðum niðurstöðum og mikilvægt að vel takist til.
- d. **Faghópur IV.** Guðni Jóhannesson mun verða formaður hópsins og hefur hann verið að kanna mönnun hans. M.a. hafa eftirtaldir verið nefndir: Guðmundur Þóroddsson, fyrrv. forstjóri OR, Jakob Sigurður Friðriksson hjá OR; Ómar Örn Ingólfsson, verkfræðistofunni Mannvit, Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans og Agnar Olsen hjá Landsvirkjun. Kemur til greina að slíkur kjarnahópur skoði kostnaðarþáttinn en kallaði síðan á fleiri aðila þegar einstakir virkjanakostir væru metnir. Í umræðum um starfssvið þessa hóps kom m.a. fram að nauðsynlegt væri að skilgreina betur auðlindina sem slíka og var þá fyrst og fremst vísað til jarðhitans. Mikilvægt væri að í hópnum væri aðili er væri sérfræðingur á sviði jarðvarmans (sbr. að ofan).

Formaður lagði til að þegar faghóparnir hafi litið dagsins ljós verði efnt til málstofu („seminars“) þar sem farið verður yfir þá vinnu sem lægi fyrir, m.a. um markmið vinnunnar, starfssvið og „skörun“ einstakra hópa, aðferðafræði og helstu fyrirséð vandamál.

Samþykkt var að formaður og starfsmaður stjórnar tækju saman upplýsingar um þau nöfn sem nefnd hefðu verið og færu í gegnum orðalag um verkssvið faghópanna. Sú samantekt yrði sem d til stjórnarmanna.

2. Opnir samráðsfundir í Reykjavík. Kynntir voru stuttlega fyrirhugaðir opnir samráðsfundir í Reykjavík dagana 14, og 17. október. Fundirnir verða auglýstir í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 5. og 9. október. Var brugðið upp mynd af fyrirhugaðri auglýsingu.

3. Kynningarmál. Undir þessum lið var rætt um heimasíðu rammaáætlunar sem er í undirbúningi. Starfsmaður lagði fram drög að uppbyggingu síðunnar (veftré) og reifaði grunnhugmynd hennar.

Heimasíðan verður fyrst fremst hugsuð sem gátt fyrir almenning sem vill kynna sér starf rammaáætlunar, t.d. markmið, vinnulag, aðferðafræði og þar mætti einnig nálgast einstök gögn sem verkefnisstjórn styðst við. Á síðunni verður almenn kynning á starfi stjórnar en síðan verður mikið stuðst við krækjur þar sem gestum síðunnar gefst færi á að nálgast einstök plögg sem liggja frammi á öðrum heimasíðum. Stefnt er að því að fá aðgang að myndefni hjá Oddi Sigurðssyni, starfsmanni Orkustofnmunar, en stofnunin hefur yfir að ráða þúsundum mynda í eigu Odds. Starfsmanni var boðið að þiggja ráð og leiðbeiningar frá starfsmönnum Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar varðandi hönnun og uppbyggingu vefsins.

4. Hjalti Jóhannesson, séfræðingur hjá RHA, kynnti áfangaskýrslu II frá sl. vori um „Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi“. Þar rakti Hjalti helstu niðurstöður rannsóknarinnar eins og þær stóðu í árslok 2007. Rannsókninni mun ljúka á næsta ári.

5. Norðurorka. Inn á fundinn komu forráðamenn Norðurorku og breyttist eðli fundarins á meðan í „samráðsfund“.

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður í Reykjavík þann 17. október kl. 9:00.

Fundi var slitið um kl. 12:30.